

14. júní 1978.

359

Nr. 219.

REGLUGERÐ

um stimpilgjald af váttryggingarskjöllum.

1. gr.

Váttryggingarskjöl skulu stimpluð samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Lífsábyrgðarskirteini (sparilíftryggingarskirteini) stimplast með 2.40 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi af lífsábyrgðarfjárhæðinni.

Stimpilgjald af líftryggingum, þar sem váttryggingarfjárhæðin greiðist einungis út ef hinn tryggði andast á tilteknu tímabili og iðgjaldagreiðslur mynda ekki höfuðstól (áhættulíftryggingar), skal vera 8% af iðgjaldi.

Sé váttryggingarfjárhæðin greidd út í afborgunum skal stimpilgjaldið reiknað af þeirri eindargreiðslu er samsvarar afborgunum eftir reglum viðkomandi váttryggingarfélags.

3. gr.

Skirteini fyrir brunatryggingar á lausafé, innbústryggingar, heimilistryggingar, glertryggingar, vatnstjónstryggingar á lausafé, innbrots- og þjófnaðartryggingar, vélstöðvunartryggingar, lekatryggingar, byggingatryggingar, (CAR-tryggingar, „construction“-tryggingar), altjónstryggingar („all-risk“-tryggingar), rekstrarstöðvunartryggingar og aðrar skaðatryggingar á fasteignum eða lausafé en þær er um getur í 4., 5., 6., 7. og 10. gr. reglugerðar þessarar skulu stimplaðar með 0.60 kr. af þúsundi eða brot úr þúsundi af váttryggingarfjárhæðinni.

4. gr.

Skirteini fyrir húseigandatryggingar, jarðskjálftatryggingar og vatnstjónstryggingar á fasteignum skulu stimpluð með 8% af iðgjaldi.

5. gr.

Bifreiðatryggingarskirteini, þ. á m. húftryggingarskirteini, brunatryggingarskirteini bifreiða, takmörkuð húftryggingarskirteini og skirteini fyrir hálf-húftryggingu (hálf-kasko), stimplast með 0.60 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi af váttryggingarfjárhæðinni.

6. gr.

Skipatryggingarskirteini stimplast með 0.24 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi af váttryggingarfjárhæðinni.

Sjóváttryggingar á varningi, tryggingar á varninig fluttum með flugvélum eða landfarartækjum og farangurstryggingar stimplast með 0.24 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi váttryggingarfjárhæðar.

Váttryggingarskirteini fyrir peningasendingar í flutningi milli staða stimplast með 8% af iðgjaldi.

7. gr.

Gripatryggingarskírteini skulu stimpluð með 0.24 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi váttryggingarfjárhæðar.

8. gr.

Skírteini fyrir slysatryggingar, ferðaslysatryggingar og sjúkratryggingar skulu stimpluð með 4% af iðgjaldi.

9. gr.

Ábyrgðartryggingarskírteini skulu stimpluð með 8% af iðgjaldi.

10. gr.

Eftirtalдар váttryggingar eru undanþegnar stimpilgjaldi:

1. Brunatryggingar á fasteignum.
2. Ábyrgðartryggingar sem eigendum skráðra vélknúinna ökutækja er skylt samkvæmt umferðarlögum að kaupa vegna ökutækjanna.
3. Ábyrgðartryggingar sem eiganda loftfars er skylt að kaupa skv. 137. gr. laga nr. 34 21. maí 1964.
4. Váttryggingarskírteini sem bátaábyrgðarfélög og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gefa út.
5. Atvinnuslysatryggingar launþega, þar með talðar atvinnuslysatryggingar sjómannanna.
6. Váttryggingar á afurðum sjávarútvegs og landbúnaðar.

11. gr.

Ef hækkuð er váttryggingarfjárhæð váttryggingar, sem þegar hefur verið greitt stimpilgjald af, skal stimpilgjald einungis greitt af viðbótarfjárhæðinni.

Fjármálaráðherra er heimilt að undanþiggja stimpilgjaldi almenna hækkun á váttryggingarfjárhæðum tiltekinna tegunda trygginga sem stafar af almennum verðlagshækkunum.

12. gr.

Nú er einhver þeirra váttrygginga sem um ræðir í 3., 5., 6. og 7. gr. reglugerðar þessarar tekin án þess að tilgreind sé váttryggingarfjárhæð og skal stimpilgjaldið þá reiknað af verðmæti hins tryggða eða áætluðu meðalverði tryggðra fjármuna í viðkomandi iðgjaldaflokki.

13. gr.

Stimpilgjald af hverju einstöku váttryggingarskjali skal aldrei vera lægra en 100 kr.

Standi reiknað stimpilgjald ekki á heilum tug króna skal það fært niður í næsta heilan tug.

14. gr.

Stimpilgjald samkvæmt reglugerð þessari skal greitt með því að líma stimpilmerki á hið stimpilskylda skjal eða greiðsla þess staðfest með ástimplun stimpilmerkjavélar. Sé váttryggingarskírteini gefið út fyrir stimpilskyldri váttryggingu skal það stimplað, ella váttryggingarsamningur, fyrsta greiðslukvittun eða annað skjal er váttrygginguna varðar.

Þau váttryggingarfélög sem fá til þess sérstaka heimild ráðuneytisins geta þó fengið undanþágu frá stimplun samkvæmt ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar enda sé þá gætt reglna 15. gr.

15. gr.

Félög sem fengið hafa undanþágu frá stimplun samkvæmt 1. mgr. 14. gr. skulu tilgreina sérstaklega reiknað stimpilgjald á vátryggingarskirteini, fyrstu greiðslu-kvittun eða öðru skjali er vátrygginguna varðar. Félög þessi skulu haga bókhaldi sínu þannig að eftirlitsmenn með stimpilgjaldi geti ávallt gengið úr skugga um réttmæti stimpilgjaldsskýrslna. Félögin skulu annað hvort hafa í aðalbókhaldi sínu sérstaka reikninga fyrir þær fjárhæðir er færa skal á stimpilgjaldsskýrslu eða færa þær í sérstakar undirbækur eða yfirlit sem byggð eru á aðalbókhaldinu. Færslum skal þannig hagað að rekja megí einstakar fjárhæðir á stimpilgjaldsskýrslu til þeirra gagna sem á er byggt.

Félög sem heimild hafa til greiðslu stimpilgjalds samkvæmt þessari grein skulu ótilkvödd greiða fyrir 10. hvers mánaðar til ríkisféhirðis stimpilgjald það er þau hafa innheimt í næstliðnum mánuði. Greiðslunni skal fylgja skýrsla á þar til gerðum eyðublöðum um stofn til útreiknings stimpilgjalds.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 36 10. maí 1978 um stimpilgjald, öðlast gildi 1. júlí 1978. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 255 21. ágúst 1974.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 24. janúar 1978 um dómsmálagjöld o. fl.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 1 000 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 1 500 kr.

Fyrir áritun um heimildabrest o. fl. samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928 skal greiða 600 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottám lögræðissviptingar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 13. 5. maí 1978, öðlast gildi 1. júlí 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júní 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.